



28. janúar 2005

Fyrirkomulag tilraunar með tímabundin vistaskipti ríkisstarfsmanna

Í umfjöllun um málefni ríkisstarfsmanna og ríkisrekstur hefur oft verið rætt um að æskilegt væri að hreyfanleiki starfsmanna væri meiri innan ríkiskerfisins. Réttarreglur um starfsmenn ríkisins setja ákveðnar skorður við því að unnt sé að hreyfa starfsmenn til í starfi. Einkenni slíkra reglna eru m.a. að laus störf skuli auglýst og vera opin öllum þeim sem fullnægja lögmætum skilyrðum. Gildandi réttarreglur fela þó í sér ákveðið svigrúm sem nýta má til tímabundinna vistaskipta. Ákveðið hefur verið að ráðast í tímabundið verkefni með þátttöku fjögurra ráðuneyta sem standi í 2-3 ár. Að þeim tíma liðnum verði verkefnið metið og ákvörðun tekin um framhaldið.

1. Hugmyndin í hnotskurn

Með tímabundnum vistaskiptum er átt við það að starfsmanni er, í samkomulagi við hann, fengið tímabundið starf eða verkefni hjá annarri ríkisstofnun eða ráðuneyti sem jafnframt hefur samþykkt að taka við starfsmanninum. Starfsmaðurinn snýr að því búnu á ný til starfa hjá fyrri stofnun eða ráðuneyti.

2. Fyrirkomulag

- Vistaskiptin geta að óbreyttu að hámarki staðið í eitt ár.
- Frumkvæðið getur komið frá starfsmanni eða stjórnanda.
- Ákvörðun um að hreyfa starfsmann er tekin af forstöðumanni þeirrar stofnunar sem starfsmaður var upphaflega ráðinn til í *samkomulagi* við hann og þá stofnun sem hann fer til.
- Hreyfanleiki starfsmanna getur átt sér stað innan sama stjórnarsýslugeira (málefnasviðs viðkomandi ráðuneytis) eða milli stjórnarsýslugeira.
- Hreyfanleikinn þarf ekki að vera bundinn við það að tvær stofnanir skiptist á starfsmönnum, heldur getur einnig verið um að ræða margþættar tilfærslur.
- Gert er ráð fyrir að starfsmaður sem hreyfist til hafi öðlast ákveðna þekkingu, reynslu og starfsaldur. Slíkt verður að meta hverju sinni en almennt má búast við að starfsmaður þurfi að hafa starfað a.m.k. þrjú ár hjá viðkomandi stofnun.

3. Nánari útfærsla

a) Til hvaða ráðuneyta og stofnana verkefnið tekur:

Tilraun með tímabundin vistaskipti er ætlað að standa í allt að þrjú ár. Á þeim tíma taka eftirtalin ráðuneyti og undirstofnanir þeirra þátt í verkefninu:

- Fjármálaráðuneytið og undirstofnanir þess.
- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og undirstofnanir þeirra.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og undirstofnanir þess.
- Menntamálaráðuneytið og undirstofnanir þess.

Ekki er eingöngu gert ráð fyrir að vistaskiptin eigi sér stað milli ráðuneytis og undirstofnanna þess, heldur er gert ráð fyrir að starfsmenn geti einnig færst til annarra ráðuneyta eða undirstofnana þeirra. Þótt verkefnið taki formlega einungis til framangreindra fjögurra ráðuneyta og undirstofnana þeirra er ekki loku fyrir það skotið að vistaskipti geti í einstökum tilfellum náð til annarra stofnana ef henta þykir.

b) Um stofnun vistaskipta

Vistaskipti sem starfsmaður hefur sjálfur óskað eftir, eiga sér stað þegar sú stofnun sem hann starfar hjá og sú stofnun sem hann fer til, hafa samþykkt skiptin. Vistaskipti geta einnig átt sér stað að frumkvæði stofnunar starfsmanns eða annarrar stofnunar, enda liggi fyrir samþykki starfsmanns.

Hafi stofnun samþykkt ósk starfsmanns um vistaskipti, getur hún leitað aðstoðar starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins við að finna honum starf hjá annarri stofnun sem þátt tekur í verkefninu.

Á meðan á tilraunaverkefninu stendur skulu þær stofnanir sem þátt taka upplýsa fjármálaráðuneytið þegar vistaskipti hafa átt sér stað.

c) Um launakjör starfsmanns á meðan á vistaskiptum stendur

Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem fara til vistaskipta verði í launuðu leyfi frá sinni stofnun eða ráðuneyti á meðan á vistaskiptunum stendur. Hugsanlegur kostnaður sem gæti orðið vegna vistaskiptanna greiðist af þeirri stofnun sem viðkomandi starfsmaður er ráðinn hjá eða eftir nánara samkomulagi stofnana og ráðuneyta hverju sinni.

d) Tilkynningar

Þegar viðkomandi ráðuneyti/stofnanir hafa náð samkomulagi um að starfsmaður annars aðilans fari tímabundið í störf hjá hinum, tilkynnir sú stofnun, sem starfsmaður var upphaflega ráðinn til, honum um skiptin. Ljósrit tilkynningarinnar skal sent til fjármálaráðuneytisins og þeirrar stofnunar sem starfsmaðurinn fer til. Í tilkynningunni skal koma fram hvenær skiptin hefjast og hvenær þeim lýkur.

4. Um hlutverk fjármálaráðuneytisins

Fjármálaráðuneytið heldur utan um framkvæmd verkefnisins, metur árangur þess og gerir eftir atvikum tillögu um frekara framhald þess.

Ráðuneytið veitir ráðgjöf og aðstoðar þau ráðuneyti og stofnanir sem hyggjast standa að vistaskiptum starfsmanna. Ráðuneytið tekur ekki ákvarðanir um hvort heimila eigi slík vistaskipti og sker ekki úr ágreiningi sem kann að koma upp um framkvæmd þeirra.

5. Samráðshópur

Til þess að tryggja sem best framgang verkefnisins hafa ráðuneytin sett niður sérstakan samráðshóp. Hlutverk hans er einkum að vera sameiginlegur vettvangur ráðuneytanna á meðan á tilrauninni stendur. Hugmyndir og tillögur sem upp koma um fyrirkomulag framkvæmdarinnar eru ræddar og metnar af hópnum. Samráðshópurinn er skipaður eftirtöldum starfsmönnum:

Ásta Lára Leósdóttir, fjármálaráðuneytinu: asta.lara.leosdottir@fjr.stjr.is

Benedikt Árnason, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: benedikt.arnason@ivr.stjr.is

Kristín Jónsdóttir, menntamálaráðuneytinu: kristin.jonsdottir@mmm.stjr.is

Stefán Eiríksson, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu: stefan.eiriksson@dkm.stjr.is

Þórhallur Vilhjálmsson, fjármálaráðuneytinu: thorhallur.vilhjalmsson@fjr.stjr.is

6. Tengiliðir á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins

Tengiliðir við framkvæmd verkefnisins verða Ásta Lára Leósdóttir og Þórhallur Vilhjálmsson á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Er gert ráð fyrir því að einstakar stofnanir geti haft samband við þau varðandi nánari upplýsingar og aðstoð við undirbúning skiptanna.